Reykjavíkurborg

Reykjavík, 2. mars 2021

R21020190

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavíkurborg

Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla), Þingskjal 142 — 141. mál.

Reykjavíkurborg barst umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um frumvarp þetta sem lýtur að því að auka veg kristinfræðikennslu í grunnskólum landsins. Reykjavíkurborg telur mikilvægt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um efni frumvarpsins.

Umræðan um trúmál og grunnskóla hefur verið áberandi í samfélaginu síðustu ár. Með vaxandi fjölmenningu og auknum fjölbreytileika í lífsviðhorfum hér á landi er tímabært að endurskoða núgildandi stefnu um kennslu trúarbragðafræða í grunnskólunum. Samkvæmt meginviðmiðum mennta- og menningarmálaráðherra frá 29. apríl 2013 um samskipti skóla og trúfélaga skal trúarbragðafræðsla og vettvangsheimsóknir til trúfélaga á vegum skólans vera í þeim tilgangi að fræða nemendur um tiltekin trúarbrögð, inntak þeirra, helgidóma og siði en feli ekki í sér innrætingu tiltekinna trúarskoðana eða tilbeiðslu. Í frumvarpinu er tekið undir þessar áherslur en jafnframt lagt til að heiti námsgreinarinnar *trúarbragðafræði* verði breytt í *kristinfræði og trúarbragðafræði* og áhersla á kristinfræði verði aukin innan trúarbragðafræðinnar þar sem eðlilegt sé að þau trúarbrögð sem eru ríkjandi í samfélaginu fái viðeigandi umfjöllun í kennslunni. Flutningsmenn frumvarpsins færa jafnframt þau rök að með aukinni kristinfræðslu öðlist nemendur siðfræðilegan, siðferðilegan og félagslegan þroska, getu til að skilja viðhorf trúarbragða gagnvart einstaklingi, samfélagi og umhverfi og læri að bera virðingu fyrir fólki af annarri menningu og trú.

Reykjavíkurborg tekur undir að vönduð kennsla um trúarbrögð geti aukið umburðarlyndi nemenda og virðingu þeirra fyrir skoðunum annara. Trúarbragðafræði getur verið öflugt verkfæri til að auka víðsýni og umburðarlyndi nemenda og minnka fordóma. Samþætting trúarbragðafræði við aðrar kennslugreinar á borð við siðfræði og lífsleikni getur því verið jákvæð og hluti af því að fræða nemendur um fjölbreytileika samfélagsins. Aftur á móti er mikilvægt að fjalla almennt um trúarbrögð og lífsskoðanir án þess að kennslan gefi einni trú eða ákveðnum lífsskoðunum meira vægi en öðrum trúarbrögðum eða lífsskoðunum. Slík nálgun getur ýtt undir þröngsýni og fordóma. Með því að leggja sérstaka áherslu á fræðslu um kristna trú er óbeint verið að senda nemendum og kennurum þau skilaboð að kristni sé mikilvægari eða á einhvern hátt betri en önnur trúarbrögð eða aðrar lífsskoðanir. Í frumvarpi þessu felst því gífurleg mótsögn, enda fráleitt að halda því fram að nemendur öðlist aukið umburðarlyndi og virðingu fyrir öðrum með „sérstakri fræðslu um ríkjandi trú landsins, kristni“, umfram önnur trúarbrögð eða lífsskoðanir. Reykjavíkurborg er því alfarið á móti þeirri nálgun að heiti námsgreinarinnar trúarbragðafræði verði breytt í kristinfræði og trúarbragðafræði og telur þá aðferð ekki til þess fallna að styðja við víðsýni og efla mannskilning.

Reykjavíkurborg telur mikilvægt að kennsla um trúarbrögð fari fram á hlutlausan hátt og að námsgreinin taki mið af þeirri þróun sem orðið hefur í samfélaginu. Námið þarf að þjóna fjölmenningarlegu samfélagi og kenna nemendum að bera virðingu fyrir fólki óháð trú, trúleysi eða öðrum skoðunum. Markmið kennslunnar þarf að vera að auka skilning nemenda á ólíkum hefðum og lífsgildum og hvetja til

fordómalausra umræðna sem einkennast af umburðarlyndi og virðingu. Þessum markmiðum verður aðeins náð með kennslu sem tekur jafnt tillit til ólíkra trúarbragða og trúleysis.

Að lokum vill Reykjavíkurborg taka fram að ekki er mælst gegn því að fjallað sé um kristni sem hluta af menningu og sögu Íslendinga, en rúmlega 63% af mannfjölda Íslands 18 ára og eldri er í þjóðkirkjunni skv. upplýsingum Hagstofunnar. Almenn trúarbragðafræðsla kemur ekki í veg fyrir að nemendur læri um kristna trú og sögu hennar á Íslandi. Með því að leggja áherslu á fjölbreytta kennslu um trúarbrögð og lífsskoðanir gefst nemendum tækfæri til að fræðast um sögu þeirra trúarbragða sem eiga sér fylgjendur á Íslandi og dýpka skilning sinn á trúarbragðasögu og menningu.

Samantekt

Í greinargerð með frumvarpi þessu eru rakin þau sjónarmið að með aukinni kristinfræðslu öðlist nemendur mikilvæg lífsgildi á borð við umburðarlyndi og virðingu fyrir öðrum. Einnig sé eðlilegt að þau trúarbrögð sem eru ríkjandi í samfélaginu fái viðeigandi umfjöllun í kennslunni. Reykjavíkurborg telur þó ljóst að hlutlægni verður að einkenna alla kennslu um trúarbrögð og lífsskoðanir í grunnskólum ef nemendur eiga að öðlast umburðarlyndi og gagnkvæma virðingu fyrir skoðunum annara. Að öðrum kosti getur kennsla um trúarbrögð orðið þess valdandi að ýta undir þröngsýni og fordóma. Reykjavíkurborg leggst því alfarið gegn þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpi þessu.

Guðrún Elsa Tryggvadóttir

lögfræðingur

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar